

hvort þau tómhús, sem greitt var lóðargjald af til bæjarins, þá er lagabœðið kom út, eigi ekki yfir höfuð að vera undan þegin frá að gjalca annan lóðarskatt, vegna þess að í 1. grein í lagaboðinu standa þessi orð: „tómhús sem eigi hefir hingað til verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda”, þá skal þess getið, að eptir því, er fram fór í málínu áður en lagabœðið kom út, virðist enginn efi vera á því, að með orðinu „lóðareiganda” hefir aðeins verið átt við einstaka menn, er eiga lóðir, með því gjört var ráð fyrir, að af tómhúsunum á lóð bæjarins hafi ekki verið svarað neinu lóðargjaldi til bæjarsjóðsins. Annars er vitaskuld, að leita má úrlausnar dómstólanна um, hvernig skilja eigi lagabœð þetta.

Um 2. spurn. Hærra lóðargjald en það, sem hæst er ákveðið í 1. grein lagaboðsins, en það eru 16 álnir, verður aldrei lagt á neina lóð, nema svo sè, að hlutaðeigandi sjálfur undirgangist að greiða viðbót við gjald þetta, sem skilyrði fyrir því, að hann fái viðauka við lóð þá, er hann hefir.

17. Bréf domsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að gefa út rit um skattana á Íslandi.

7. marz.

Með bréfi 23. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Jóni landsyfирреттар-dómara Péturssyni um 200 til 300 ríkisdala styrk úr almennum sjóði til að gefa út rit á íslenzku um skattana á Íslandi. Um þetta efni skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni landsyfирретtar-dómara Péturssyni, að þegar búið er að senda hingað handritið til bókarinnar, með áliði yðar um ritið, þá mun verda gjör yfirvegað, hvort nokkur styrkur verði veittur til að gefa það út.